



Daði Már Kristófersson, fjármála- og efnahagsráðherra
Eyjólfur Ármannsson, innviðaráðherra
Guðmundur Ingi Kristinsson, mennta- og barnamálaráðherra

Efnahags- og viðskiptanefnd

Reykjavík, 28. október 2025

Efni: Beiðni/umsögn við mál nr. 2 og breytingatillögu dagsett 17.10.2025

Akstursípróttasamband Íslands (AKÍS) er sérsamband er starfar innan Íprótta- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) og fer með ípróttagreinar á sviði akstursíprótta ökutækja á fjórum hjólum. Stjórn AKÍS varð áskynja breytinga er fyrirhugaðar eru um afnám undanþágu vörugjalda vegna innflutnings á keppnistækjum. (sjá breytingartillögu dagsett 17.10.2025 málsnúmer FJR 25060076 við mál nr. 2 þskj. 2. Í þriðja kafla er að finna tillögu að breytingum á lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti ofl., nr. 29/1993.)

Ofangreindar fyrirætlanir um afnám undanþágunnar hafa ekki verið bornar undir AKÍS, önnur sérsambönd eða forystu ípróttahreyfingarinnar á neinu stigi og kom það stjórn AKÍS á óvart að ekki væri opnað á samtal um breytingar sem þessar svo að sambandið gæti komið sínum sjónarmiðum á framfæri og skýrt mikilvægi undanþágunnar.

Hér er verið að afnema heimild sem hefur verið mikilvæg íslenskum akstursípróttum í á þriðja áratug. Við tilkomu þessara undanþágu auðveldaðist innflutningur keppnistækja og nauðsynleg endurnýjun átti sér stað á keppnistækjaflotanum.

Verði þessi breyting að veruleika mun það hafa verulega slæm áhrif á akstursípróttahreyfinguna og hamla mjög framþróun ípróttarinnar. Við innan hreyfingarinnar getum ekki stundað okkar íprótt án þessara tækja og gjaldtaka sem þessi kemur því illa við okkar félagsmenn.

Keppnistækin sem um ræðir eru nýtt aðalnotum utan samgöngukerfis og akstur þeirra er mjög takmarkaður með strangri löggjöf um hvar og hvernig megi nota tækin (reglugerð um akstursípróttir 507/2007). Þessi tæki eru því háð takmörkunum á notkun umfram flestan annan búnað til ípróttaiðkunar. Keppnistæki þessi eru því ekki undir nokkrum kringumstæðum notuð til hefðbundinna tómstunda heldur einungis við skipulagðar æfingar og keppni.



Þróun í notkun umhverfisvænna orkugjafa í bifreiðum kemur að miklu leiti úr alþjóða akstursíþróttum og hefur alþjóða sambandið FIA (Fédération Internationale de l'Automobile) sem að AKÍS er aðili að, verið leiðandi í notkun umhverfisvænna orkugjafa fyrir keppnistæki. Ávallt verður algengara erlendis að keppnistæki séu knúin slíkum orkugjöfum. Vélar keppnistækja verða sífellt minni og menga minna enda keppnir að stórum hluta til farnar að snúast um keppni í hagkvæmni og sem minnstri losun koltvísýrings CO₂)

Við fyrirhugaða breytingu þá nær þessi mikla tækniþróun mögulega ekki hingað til lands eða drægist í það minnsta verulega á langinn. Hérlandis yrði þá aftur í meira mæli notast við eldri heimasíðuð tæki sem að miðuðust ekki við fremstu tækni og umhverfissjónarmið sem að væri mikil afturför.

Á þeim ríflega 20 árum sem umrædd undanþága hefur verið í gildi þá hefur átt sér stað mikil þróun á greinum innan akstursíþróttanna. AKÍS myndi vilja opna á samtal við yfirvöld til að laga reglur að núverandi umhverfi í stað þess að lokað verði með öllu á innflutning keppnistækja sem að líklega yrði raunin verði þessi breyting að veruleika. Umrædd tæki eru mörg hver hérlandis enn og notuð í keppni reglulega. Með tilkomu undanþágunnar breyttist umhverfi íslenskra akstursíþróttanna til hins betra. Nýrri, öruggari og öflugri keppnistæki fóru að berast til landsins og vel hægt að fullyrða að þau hefðu aldrei ratað hingað ef að undanþágunnar hefði ekki notið við. Í því samhengi má benda á að keppnistækin bera öll 24% virðisaukaskatt eins og önnur ökutæki og má leiða að því líkur að íslenska ríkið hefði orðið af töluverðum tekjum hefði innflutningur ekki átt sér stað.

Ár hvert hafa á bilinu 0-15 keppnistæki verið flutt til landsins þar sem að undanþága þessi hefur verið nýtt. Þetta er því ekki mikill fjöldi tækja í samhengi heildar innflutnings ökutækja en fyrir félagsmenn AKÍS er um að ræða stóran hluta keppnistækja.

Á líðandi ári gaf AKÍS út 1098 keppnissskírteini samtals í þeim greinum er undir sambandið falla en 210 af þessum skírteinum voru gefin út vegna keppni barna og unglunga. Þetta hlutfall gæti einhverjum þótt lágt en hafa ber í huga að margar af keppnisgreinum innan vébanda AKÍS gera kröfu um að keppendur hafi náð 17 ára aldri og séu með gild ökuréttindi.



AKÍS vill með bréfi þessu taka undir með ÍSÍ og vekja athygli á ofangreindu, þeirri stöðu sem íþróttir innan vébanda AKÍS og ÍSÍ standa frammi fyrir ef afnám undanþágunnar verður að veruleika með þeim hætti sem ætlað er. Er það lítið alvarlegum augum að íslensk stjórnvöld hyggist, samráðslaust, fella niður áralangan stuðning til íþróttanna með þessum hætti. Hver einasta ívilnun í þágu íþróttar er afar mikilvæg þar sem íþróttastarfið í landinu er rekið í sjálfboðaliðastarfi og reksturinn alltaf í jánnum.

Óskað er eftir því að fallið verði frá þeim fyrirætlunum sem birtast í til lagðri breytingartillögu, rakið er og rökstutt hér í þessari umsögn, og myndi hafa alvarlegar afleiðingar fyrir aksturs- og mótóríþróttir á Íslandi.

Virðingarfyllst,
Akstursíþróttasamband Íslands.

Jón Þór Jónsson
Formaður AKÍS